

## Illeris byggir á túlkun Nissin á Piaget



### Piaget

#### 1) Uppsöfnun



##### Cumulative

Nám í formi uppsöfnunar (cumulative learning) á sér stað þegar við lærum eitthvað nýtt, það verður til nýtt hugsanamynstur. Stundum eru það nýjar upplýsingar um eitthvað sem við þekkjum ekki, en stundum getur það átt við um eitthvað sem við lærum ómeðvitað í gegnum reynslu saman ber hundinn hans Pavlovs, við lærum t.d. fljótt að tala lágt í kirkju, en það er ekki víst að nokkur hafi sagt okkur það, við lærðum það jafnvel ómeðvitað af því hvernig aðrir hegða sér.

#### 2) Samlögun



##### Assimilative

Við notum hugtakið samlögun um nám þegar áreiti úr umhverfinu er tekið og því bætt við hugsanamynstur sem við búum þegar yfir. Einhver sem hefur lært að leggja saman tölur lærir við að draga frá, eða við lærum að hægrismella á mús og þannig kalla fram aðgerðir sem tengjst því samhengi sem maður er að vinna í hverju sinni o.s.frv. Þetta er trúlega algengasta myndin sem nám tekur á sig. Og við þekkjum mörg vel úr fullyrðingu Ausubel frá 1968: "Það sem hefur mest áhrif á nám og námsárangur er það sem nemandinn veit fyrir."

#### 3) Aðhæfing



##### Accommodative

Aðhæfing í námi á sér stað þegar einstaklingur (eða hópur) þarf að endurvinna hugsanamynstur sem eru til staðar. Slíkt getur gerst t.d. þegar maður verður var við eitthvað í umhverfi sínu sem er ekki í samræmi við það sem maður átti von á. Þú horfir á hlut og það tekur þig nokkurn tíma að sjá formið og ákveða hvað þetta er. Táknmál og handahreyfingar í ókunnugu landi sem hafa aðra merkingu en maður átti upphaflega von á.

Aðhæfing getur þannig falið í sér að maður þurfi að brjóta hugsana mynstur - eða það sem maður upplifir - niður í minni einingar og raða upp á nýtt og búa til ný hugsanamynstur. Aðhæfing getur á sér stað á svipstundu, eða hún getur verið langt og strangt ferli þar sem einstaklingur fær smám saman skilning eða nær smám saman valdi á nýjum kringumstæðum. Illeris segir að aðhæfing sé nátengd hugtökum eins og ígrundun og gagnýnni hugsun og að aðhæfing sé sú tegund náms sem liggur til grundvallar hugtökum eins og hæfni.

##### Transformative

Umbreyting, umbreytingarnám (Transformative learning) er hugtak sem Illeris velur að nota sem samheiti yfir form eða tegund náms sem hafa verið nokkuð mikið í umræðunni undanfarin 20 ár og gengur skrefinu lengra eða dýpra en aðhæfing. Umbreytingarnám á sér þá stað þegar einstaklingur þarf að breyta mörgum hugsanamynstrum á sama tíma.

Illeris tengir umbreytingarnám við það sem Carl Rogers skrifaði um um miðja síðustu öld og kallaði "significant learning", *merkingarbært nám* og lýsir námi sem á sér stað þegar einstaklingur þarf að takast á við að hugmyndir hans um lífið og tilveruna duga ekki til að takast á við þann veruleika sem hann upplifir. Rogers talaði gjarnan um að slíkt nám væri sársaukafult og að fólk sneiddi hjá því í lengstu lög. Illeris bendir á að síðan Rogers var að skrifa breytist samfélagið mun hraðar en áður og því lendi fólk í því mun oftar en áður að þurfa að læra að bregðast við umhverfi sínu á nýjan hátt. Þetta er áberandi í allri umræðu um nám og menntun undanfarin 20 ár, og Illeris nefnir þrjú hugtök sem eru af sama meiði. Það fyrsta má finna hjá fínnaum Yrjö Engström í kenningu hans um "Expansive learning" eða *víkkað nám*. Það næsta hjá þjóðverjanum Peter Alheit: "transitory learning" um nám sem tengist því að fara frá einu stigi lífsins yfir á annað, t.d.: að verða móðir, skipta um starf, missa maka o.s.frv. Og það þriðja hjá bandaríkjamanninn Jack Mesriow sem kynnti hugtakið "transformative learning", *umbreytingarnám*, um það ferli sem fólk fer í gegnum þegar það þarf að breyta gömlum sjálfvirkum hugsanamynstrum þannig að þau verða sveigjanlegri, nákvæmari, opnari og þannig að það sé auðveldara að breyta þeim. Illeris lítur á þessi fjögur "form" náms sem það sama, en séð frá ólíkum sjónarhornum.

## Fjórar tegundir náms



### Aðrir

#### 4) Umbreyting

